Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
Kennitala: 240155-3549
2025-10-13 21:03:14 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALA HRÖNN VIGGÓSDÓTTIR
Kennitala: 300871-4619
2025-10-13 21:48:29 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EINAR JÓN PÁLSSON
Kennitala: 141067-3119
2025-10-15 09:37:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2025 (137. fundur)
FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 9. október 2025 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Gestir:
Sveinn Valdimarsson skipulagsfulltrúi öryggissvæðis og Gunnar Kristinn Ottosson skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.

Forföll:

Jón B. Guðnason	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"

1. **Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040, endurskoðun, vinnslutillaga. Drög að svörum við athugasemdum.**
Mál nr. 567/2023 í skipulagsgátt.
Lögð er fram tillaga skipulagsfulltrúa að viðbrögðum við inn komnum athugasemdum eftir því sem við á, ódagsett. Fram kemur að VSÓ Ráðgjöf aðstoðaði Isavia við tillögugerðina. Fram kemur hjá formanni að hann reikni ekki með að afgreiða málið á fundinum svo nefndarmönnum gefist rýmri tími að gera sínar athugasemdir.
Afgreiðsla: Málinu er frestað til næsta fundar.

2. **Vestursvæði Keflavíkurflugvallar, breyting á deiliskipulagi. Yfirferð athugasemda eftir auglýsingu, og tillögur að svörum.**
Mál nr. 1003/2025 í skipulagsgátt. Umsagnarfrestur er liðinn. Tillaga var í auglýsingu frá 15. júlí til 9. september og bárust 5 umsagnir. Umsagnaraðilar eru Landhelgisgæsla Íslands í umboði utanríkisráðuneytisins, Vegagerðin – Suðursvæði, Suðurnesjabær, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og HS Veitur.
Lögð er fram tillaga skipulagsfulltrúa að viðbrögðum við inn komnum athugasemdum eftir því sem við á, dags. 25.09.2025. Fulltrúi tilnefndur af Suðurnesjabæjar harmar viðbrögð Isavia við umsögn Suðurnesjabæjar.
Tillaga skipulagsfulltrúa að viðbrögðum og deiliskipulagið með áorðnum breytingum eru borin undir atkvæði og samþykkt með atkvæðum formanns og fulltrúa skipuðum án tilnefningar. Fulltrúi tilnefndur af Suðurnesjabæ situr hjá.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir skipulagsbreytinguna og felur skipulagsfulltrúa afgreiðslu hennar í samræmi við ákvæði 43. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Önnur mál.

3.1 Starfsreglur skipulagsnefndar.
Fram kemur að innviðaráðuneytið er með starfsreglurnar nefndarinnar í endurskoðun.

3.2 Samráðsfundur með Isavia.
Skipulagsnefndin og Isavia hafa ákveðið að nefndin og RUMSK hópur Isavia skuli halda a.m.k. einn samráðsfund á ári. Stefnt er að þeim fundi 19. nóvember n.k.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 19. nóvember 2025.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:10.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx